

Tæknifræðingafélag Íslands

Ársskýrsla
starfsárið 2015-2016

Ársskýrsla þessi greinir frá starfsemi Tæknifræðingafélags Íslands starfsárið 2015 -2016. Stór hluti félagsstarfsins fer fram innan fastanefnda félagsins. Margir félagsmenn sitja í fastanefndum ár eftir ár og vinna félaginu mikið gagn. Sama máli gegnir um margar nefndir sem starfa tímabundið. Frá árinu 1994 hafa ýmsar nefndir verið skipaðar í samstarfi við Verkfræðingafélag Íslands.

Kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands (KTFÍ), Félag stjórnenda og sjálfstætt starfandi í TFÍ (STFÍ) og landshlutadeildir, ATFÍ og NTFÍ, halda aðalfundi og leggja þar fram ársskýrslur sínar og ársreikninga.

Skýrslur nefnda og deilda sem borist höfðu þegar skýrsla þessi fór í prentun birtast hér en aðrar verða lagðar fram á aðalfundi ásamt ársskýrslunni.

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	bls. 3
Menntunarnefnd TFÍ	bls. 4
Útgáfa	bls. 5
Samstarf heima og heiman	bls. 6
Félagsstarfið	bls. 8
Félagafjöldi og félagsgjöld.....	bls. 10
Ársreikningur félagssjóðs 2015	bls. 11
Skýrslur deilda	bls. 12
Ársskýrsla STFÍ	bls. 13
Ársskýrsla KTFÍ	bls. 14
Atburðir 2015-2016	bls. 18

Stjórn TFÍ 2014-2015

Önundur Jónasson, formaður
Helgi Páll Einarsson, varaformaður
Sigurður Rúnar Guðmundsson
Sigurður Örn Hreindal
Jens Arnljótsson
Þorleifur Magnús Magnússon,
varamaðstjórnandi
Þór Sigurþórsson, KTFÍ
Arnlaugur Guðmundsson,
varamaður KTFÍ
Magnús Þór Karlsson, STFÍ
Ingvar Blængsson, varamaður STFÍ

Endurskoðendur

Daði Ágústsson, skoðunarmaður
Hreinn Ólafsson, skoðunarmaður
Kristinn Gestsson,
löggtur endurskoðandi

Starfsfólk

Árni B. Björnsson, framkv.stj.
Sigrún S. Hafstein
Þrúður G. Haraldsdóttir
Guðríður Ó. Magnúsdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Ingigerður Jónsdóttir
Lydía Ósk Óskarsdóttir



Ávarp formanns

Ágætu tæknifræðingar.

Nú er komið að lokum starfsársins og því við hæfi að líta um öxl og leggja mat á stöðuna. Liðið ár hefur verið ágætt fyrir tæknifræðinga líkt og síðastliðin ár. - Stöðugur uppgangur hefur verið í byggingaiðnaði, sjávarútvegi og fleiri greinum þar sem tæknifræðingar starfa.

Fjölgun félagsmanna hefur aldrei verið eins mikil og á síðasta ári, sem ber að fagna. Það sýnir að starfsemi TFÍ er mikilvæg og á góðan hljómgrunn meðal tæknifræðinga. Það er mikilvægt fyrir kjaralega og faglega hagsmuni að tæknifræðingar myndi samehlið félög sem stuðlar meðal annars að stöðugri endurmenntun og eflingu félagsmanna á öllum sviðum.

Fjölgun í félaginu virðist því miður ekki endurspegla aukna ásókn í tæknifræðinámið. Greina má fækkun nemenda í tæknifræði bæði á Íslandi og erlendis. Gera má ráð fyrir að helsta ástæða þess sé uppgangur atvinnulífsins á liðnum misserum.

Stjórn TFÍ hefur fundað á tveggja vikna fresti líkt og á liðnum árum og hefur verið fjallað um hin ýmsu málefni. Má til dæmis nefna kynningar í skólum, viðurkenningar á framúrskarandi og áhugaverðum loka- verkefnum í Háskóla Reykjavíkur og Keili og samstarf við systurfélögin á Norðurlöndunum, er þá fátt eitt er talið.

Eitt af meginmálefnum stjórnar TFÍ síðastliðið ár hefur verið fækkun nemenda í iðngreinum og kynningarmál. Stjórn TFÍ deilir áhyggjum af fækkun nemenda í iðngreinum með háskólum landsins sem kenna

tæknifræði, þar sem stór hluti tæknifræðinga hefur komið úr röðum iðnmenntaðra.

Því ákvað stjórnin að fara í markvisst kynningarstarf sem áætlað er að muni vara næstu þrjú til fimm árin hið minnsta. Meðal þess sem hefur verið sett af stað er framleiðsla kynningarmyndbanda um tæknifræði og störf tæknifræðinga.

Auk þess hefur verið unnið að kynningarbæklingi og hafið er samstarf við Félag námsráðgjafa um miðlun upplýsinga um tæknifræði, með myndböndum og öðru kynningarefni. Markmið kynningarstarfsins er að auka vitund almennings um tæknifræðina og störf tæknifræðinga. Langtíma markmið er að fjölga tæknifræðingum á Íslandi og efla áhuga ungra nemenda á raungreinum og tækni.

Það er vert að minnast þess að félagið er byggt á vilja félagsmanna og aðalfundur æðsta vald félagsins. Hvet ég alla félagsmenn til mæta árlega á aðalfund félagsins hvort sem er til að bjóða sig fram til starfa fyrir félagið eða heyra áform stjórnar TFÍ og taka þátt í umræðum varðandi málefni tæknifræðinga.

Sem fyrr hefur verið áhugavert að fylgjast með umfjöllun um nýsköpunarverkefni og störf nýútskrifaðra tæknifræðinga á liðnu ári. Umfjöllun um tæknifræði í samfélaginu og fjölmiðlum vegur þungt þegar horft er til almennrar vitundar og þekkingar á tæknifræði.

Að loknum aðalfundi mun ég að kveðja formennsku TFÍ, að sinni í það minnsta. Þegar ég horfi yfir farinn veg finnst mér mikið hafa áunnist á liðnum árum og ég kveð formenskuna sáttur og hef trú á að komandi stjórn og formaður muni leiða félagið áfram á farsælli braut.

Að lokum vil ég þakka þann stuðning og velvilja félagsmanna sem ég hef notið og minna á mikilvægi samehliðni tæknifræðinga og mikilvægi tæknifræðinnar í áframhaldandi uppbyggingu atvinnulífs á Íslandi.

Góðar stundir.

Önundur Jónasson, formaður TFÍ.

Menntunarnefnd TFÍ

Menntunarnefnd TFÍ var skipuð eftirtöldum á starfsárinu:

Bergþór Þormóðsson, formaður
 Jóhannes Benediktsson
 Freyr Jóhannesson
 Nicolai Jónasson
 Jens Arnljótsson
 Öundur Jónasson, fulltrúi stjórnar TFÍ
 Einar H. Jónsson, varamaður
 Guðmundur Borgþórsson, varamaður

Fundir Menntunarnefndar TFÍ eru haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði. Nefndin hélt níu fundi á starfsárinu. Á öllum fundum nefndarinnar var fjallað um umsóknir um inngöngu í TFÍ, leyfi til nota starfsheitið tæknifræðingur eða endurinnkomu í félagið.

Af 116 umsóknum voru 59 tæknifræðingar samþykktir sem fullgildir félagar í TFÍ.

Verkefni MTFÍ

Menntunarnefnd TFÍ veitir umsögn til iðnaðar- og viðskiptaráðherra varðandi umsóknir um starfsheitisleyfi tæknifræðinga og inngöngu í félagið. Auk afgreiðslu á umsóknum er á fundum nefndarinnar fjallað um menntunarmál tæknifræðinga. Má þar nefna inntökuskilyrði, námslengd, samsetningu námsins og atvinnumöguleika að námi loknu. Nefndin fylgist vel með þeim breytingum sem verða á námsframboði í skólun-

um. Eitt meginhlutverk MTFÍ er að gæta vel að undirstöðugreinum tæknifræðinnar þannig að ekki verði dregið úr námskröfum.

Menntunarnefnd stefnir að því að ljúka skilgreiningu á inntökuskilyrðum í félagið og reglum sem gilda um starfsheitið tæknifræðingur.

Menntunarnefnd fylgist með námsframboði bæði í Háskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands. Háskóli Íslands starfrækir námsbraut í tæknifræði við Keili á Ásbrú.

Á seinasta ári bar heldur á fjölgun umsækjenda sem lokið hafa námi við skóla sem ekki eru á skrá FEANI. Hefur nefndin þá lagt sig fram um að fá staðfestingu á því að viðkomandi einstaklingar hafi sannanlega stundað nám í tæknifræði og uppfylli öll skilyrði varðandi starfsheitið og inngöngu í félagið.

Bergþór Þormóðsson, formaður MTFÍ.

Tegund umsókna	2015-2016	2014-2015	2013-2014
Innganga og starfsheiti	47	46	64
Endurinnnganga	12	14	6
Starfsheiti	24	7	30
Ungfélagaaðild	27	11	37
Hafnað, ekki talið upp áður	6	4	7
Heildarfjöldi umsókna	116	82	144



Útgáfumál

Árið 2012 var ákveðið að hætta útgáfu Árbókar VFÍ/TFÍ. Samhliða þeirri ákvörðun var ákveðið að breyta félagsblaðinu Verktækni á þann hátt að gefa það út sem tímarit og efla útgáfu ritrýndra greina, tæknigreina og annars faglegs efnis. Í september 2013 kom út fyrsta tölublað Verktækni – tímarit VFÍ/TFÍ. Í blaðinu eru birtar ritrýndar vísindagreinar auk almennra tækni- og vísindagreina.

Rafræn útgáfa

Möguleikar á rafrænni útgáfu hafa verið til skoðunar um nokkurt skeið. Stéttar- og fagfélög hafa sum hver alfarið hætt að prenta félagsblöðin og treysta alfarið á rafræna dreifingu. Rætt hefur verið að færa útgáfu TFÍ og VFÍ yfir á rafrænt form og koma upp öflugum greinabanka á netinu með faglegu efni. Möguleikar hvað það varðar verða áfram til skoðunar, sérstaklega verður hugað að þessu með tilkomu nýrra vefja félaganna.

Verktækni – vefrit kom fyrst út í febrúar 2014. Aukinn kostnaður við póstdreifingu og staðan á auglýsingamarkaði kallaði á slíkar breytingar. Í vefritinu er miðlað upplýsingum til félagsmanna um hvað eina sem varðar starfsemi félaganna. Einnig eru birtar styttri greinar um faglegt efni. Til stendur að efla þennan þátt í þjónustu félaganna og gefa vefritið út oft og reglulega.

timarit.is og aðrir gagnagrunnar

Á árinu 2012 var gerður samningur við timarit.is um að allt útgefið efni félaganna verði aðgengilegt á rafrænu formi. Ávinningurinn af því að setja efnið inn á timarit.is er meðal annars sá að varðveisla á gögnunum er tryggð, miðlun um allar upplýsingaveitur, textaleit og tengingar við aðrar leitarvélar. Ekki hefur gefist ráðrúm til að kanna skráningu á ritrýnda hluta Verktækni í fleiri viðurkennda gagnagrunna, að því er stefnt.

tfi.is

Á starfsárinu var hafist handa við endurnýjun á vefjum TFÍ og VFÍ. Ráðgert er að nýir vefir fari í loftið eigi síðar en í júlí 2016. Vefir félaganna verða áfram með sama útliti í grunninn og að langstærstum hluta sama efni. Í framhaldinu verður unnið að uppsetningu á „Mínum síðum“ fyrir félagsmenn þar sem þeir geta fylgst með réttindum í sjóðum o.fl.

TFÍ er á Facebook, slóðin er: [facebook.com/tfi.1960](https://www.facebook.com/tfi.1960).

Endurmenntunar- og símenntunarnefnd

Endurmenntunar- og símenntunarnefnd (ENSÍM) starfar að endurmenntunarmálum TFÍ og VFÍ. Á starfsárinu voru sem fyrr haldnir fundir með starfsmönnum Endurmenntunar Háskóla Íslands um leiðir til að auka framboð af námskeiðum fyrir tæknifræðinga og verkfræðinga.

Félögin hafa frá upphafi verið aðilar að Endurmenntun HÍ og eru því heiðursstarfsaðilar. Í septembermánuði 2009 var skrifað undir formlegan samstarfssamning við Endurmenntun HÍ. Markmið samningsins er að auka framboð á námskeiðum, vinna saman að kynningu þeirra og efla tengsl skrifstofu félaganna við Endurmenntun HÍ. Þá hefur Endurmenntun boðið félagsmönnum valin námskeið á sérstökum afsláttarkjörum.

Unnið er að því að auka framboð af námskeiðum og eru meðal annars niðurstöður fræðslukannana hafðar til hliðsjónar. Það er vilji félaganna að auka framboð af námskeiðum á landbyggðinni og er unnið að því í samstarfi við Endurmenntun HÍ.



Samstarf heima og heiman

Samstarf við Verkfræðingafélag Íslands

TFÍ og VFÍ hafa rekið sameiginlega skrifstofu í 22 ár. Starfsemin skiptist í þrjú svið: Kjarasvið, útgáfu- og kynningarsvið og fag- og fjármálsvið. Þrúður G. Haraldsdóttir er sviðsstjóri kjaramála, Sigrún S. Hafstein er sviðsstjóri útgáfu- og kynningarmála og Árni B. Björnsson er yfir fag- og fjármálsviði og er hann jafnframt framkvæmdastjóri félaganna.

Samstarf við HR og Keili

Tæknifræðingafélag Íslands leggur mikla áherslu á gott samstarf við Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík og Keili. Á starfsárinu var sérstaklega farið yfir samstarf í kynningarmálum og hvernig megi sameina kraftana á því sviði.

Í desember 2015 var haldinn var samráðsfundur TFÍ og skólanna tveggja um stöðu og framtíð tæknifræðinnar.

Samstarfið við skólana er afar mikilvægt því eitt af meginmarkmiðum félagsins er að standa vörð um starfsheitið og tryggja gæði náms í tæknifræði hér á landi. Kynningarfundir og vísindaferðir fyrir tæknifræðinema eru fastur liður. Einnig fara formaður og framkvæmdastjóri til Danmerkur til að kynna nemendum í tæknifræði félagið og ræða við þá um námið og atvinnumöguleika að því loknu

TFÍ veitir viðurkenningar fyrir vel unnin lokaverkefni í tæknifræði og STFÍ hefur boðið nýtskrifuðum tæknifræðingum að kynna verkefni á hádegisfundum.

Norðurlandasamstarf Nording

Nording er samstarfsvettvangur norrænna félaga tæknifræðinga og verkfræðinga. Einnig hefur félagið í Eistlandi fulla aðild að Nording. Aðalfundur er haldinn einu sinni á ári og á hann mæta formenn og framkvæmdastjórar félaganna.

Tólf félög eiga aðild að Nording og eru félagsmenn þeirra samtals um 400 þúsund. Meðal verkefna Nording er samræming á stefnu félaganna í Evrópusamstarfi og að koma fram fyrir hönd félaganna gagnvart Evrópusambandinu og stofnunum þess.

Á aðalfundum Nording bera forsvarsmenn félaganna saman bækur sínar um stöðu mála á vinnumarkaði og helstu verkefni hvers félags.

Nording er með vefsíðu og á henni er að finna ýmsar upplýsingar um starfsemina. Slóðin er: www.nording.org

ANE

ANE (Association of Nordic Engineers) er samstarfsvettvangur sem var settur á laggirnar árið 2007 af félögum tæknifræðinga og verkfræðinga í Danmörku, Svíþjóð og öðru af tveimur félögum í Noregi. Þrjú félög eiga aðild að ANE: Sveriges Ingenjörer, IDA og NITO. Hlutverk ANE er að gæta hagsmuna norrænna verkfræðinga og tæknifræðinga í alþjóðlegu samhengi, ekki síst í samskiptum við Evrópusambandið. Á vefsíðu ANE, www.nordicengineers.org eru greinargóðar upplýsingar um starfsemina.



Gestaaðild

Í gildi er samkomulag norrænna félaga tæknifræðinga og verkfræðinga um gestaaðild. Samkomulagið geta þeir félagsmenn nýtt sér sem starfa í norrænu landi utan heimalands síns. Það nær til níu norrænna félaga tæknifræðinga og verkfræðinga auk íslensku félaganna TFÍ og VFÍ.

Gestafélagi hefur sama rétt í norrænum félögum tæknifræðinga og verkfræðinga og almennir félagsmenn en hefur ekki atkvæðis- og kjörgengisrétt. Þá er lögfræðikostnaður ekki innifalinn í gestaaðild og verður því aðeins greiddur að móðurfélag samþykki greiðsluna. Samkomulagið nær heldur ekki til atvinnuleysisbóta.

Hægt er að vera gestafélagi í mesta lagi í sex ár. Gestaaðild fellur niður ef viðkomandi félagsmaður segir sig úr heimafélaginu (TFÍ eða VFÍ) eða hættir störfum í viðkomandi landi. Samkomulagið gildir ekki um málefni

nema (ungfélaga), eftirlaunaþega eða félagsmanna sem af öðrum orsökum eru ekki fullgildir félagsmenn. Gestaaðildin er gjaldfrí fyrir félagsmenn að því tilskyldu að félagsaðildin í heimafélaginu sé í gildi og félagsgjöld í skilum.

Ungfélagadeild stofnuð

Ungfélagadeild TFÍ var stofnuð með það að markmiði að treysta tengsl félagsins við skólana, auka samskipti við nemendur í tæknifræði og mynda tengsl milli nemenda í skólunum. Stjórn UTFÍ skipa tveir fulltrúar frá hvorum skóla, Háskólanum í Reykjavík og Keili.

Framadagar

TFÍ og VFÍ tóku þátt í Framadögum háskólanna. Það er mjög mikilvægt að hafa sterk tengsl við skólana og margir höfðu áhuga á

að ræða við fulltrúa félaganna um ýmislegt sem varðar námið og hvað tekur við þegar út á vinnumarkaðinn er komið.

Viðurkenningar TFÍ fyrir lokaverkefni

Á Tæknidegi Háskólans í Reykjavík, sem haldinn var 15. maí, voru afhentar viðurkenningar TFÍ fyrir framúrskarandi lokaverkefni. Önnundur Jónasson, formaður TFÍ, afhenti nemendum viðurkenningar. Þrjú verkefni hlutu viðurkenningu að þessu sinni.

Föstudaginn 19. júní fór fram brautskráning þrettán kandiáta í tæknifræðinámi Háskóla Íslands og Keilis. Önnundur Jónasson, formaður TFÍ flutti ávarp og veitti viðurkenningu fyrir áhugavert og vel unnið lokaverkefni.





Fræðandi og skemmtilegt félagsstarf

Íslandsnefnd FEANI

Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands eru aðilar að FEANI, Evrópusamtökum félaga verkfræðinga og tæknifræðinga. Í hverju aðildarlandi starfa landsnefndir og standa VFÍ og TFÍ sameiginlega að Íslandsnefnd FEANI. Félögin skiptast á um að hafa formennsku í nefndinni á tveggja ára fresti og hefur fulltrúi TFÍ, Jóhannes Benediktsson, gegnt formennsku í nefndinni síðastliðið starfsár. Fulltrúi VFÍ mun því taka við vorið 2107.

Aðalfundur FEANI er haldinn í september/október á hverju ári í einhverju aðildarlandanna, sem nú eru 32 talsins. Auk þess eru tvö önnur lönd með aukaaðild. Félagsmenn aðildarfélaganna teljast vera um 3,5 milljónir. Íslandsnefndin hefur lagt áherslu á að senda fulltrúa á aðalfundinn á hverju ári, og er það að jafnaði formaður nefndarinnar sem hann sækir.

Ársfundur FEANI 2015

Ársfundur FEANI 2015 var haldinn 8.-10. október í Lissabon í Portúgal. Þátttakendur frá 28 aðildarþjóðum sóttu fundinn, en fjórar þjóðir sendu ekki fulltrúa og þrjár þjóðir höfðu ekki atkvæðisrétt vegna vangaldins árgjalds. Sjálfur aðalfundurinn var haldinn 9. október, en 8. október var ráðstefna í nafni FEANI um menntunarmál: „Education

of Engineers – Key Task for the Successful European Future“. Fundur landsnefndanna: „National Members Forum“ var haldinn 9. október að lokinni ráðstefnunni, og áður en sá fundur byrjaði voru sérstakir fundir þriggja svæðishluta innan FEANI til að fara yfir og samræma sjónarmið. Ísland var

boðað til fundar hjá FEANI –North, en þar eru Norðurlöndin, Eistland, Bretland, Írland og Rússland. Á fundinn mættu fulltrúar Norðurlandanna og Bretlands.

Aðalfundurinn

Forseti FEANI, Prof. Dr. José Manuel Pereira Vieira frá Portúgal flutti skýrslu stjórnar. Þar kom meðal annars fram að fjárhagur FEANI er í nokkuð góðu lagi. Það hefur þó sett strik í reikninginn að fimm þjóðir hafa átt í erfiðleikum með að borga árgjöldin. Samtals voru skráðir hlutir í FEANI 98 við lok ársfundarins og skiptust þeir á aðildarlöndin 33 nokkurn veginn eftir fjölda verkfræðinga og tæknifræðinga í hverju landi.

Minnstu þjóðirnar hafa einn hlut, en fram að ársfundinum 2013 fengu sumar þeirra afslátt af árgjaldi miðað við efnahag og fjölda verkfræðinga og tæknifræðinga. Þessi afsláttur var afnuminn á ársfundinum 2013 þrátt fyrir mótmæli minnstu þjóðanna. 2014 var aðlögunarár, þar sem gjaldið var hækkað upp í hálfan hlut og 2015 upp í 75% en eftir það verður borgað fullt verð fyrir hvern hlut. Fyrir Ísland þýðir það að okkar árgjald fer úr ca. 1.600 EUR árið 2013 upp í ca. 4.300 EUR 2015.

1 hlutur	Belgía	2 hlutir	Austurríki
	Búlgaría		Frakkland
	Eistland		Írland
	Ísland		Pólland
	Króatía	3 hlutir	Tékkland
	Kýpur		Grikkland
	Lúxemborg		Holland
	Makedónía	4 hlutir	Rússland
	Malta		Danmörk
	Rúmenía		Noregur
	Serbía	5 hlutir	Portúgal
	Slóvakía		Sviss
	Slóvenía		Svíþjóð
	Úkraína	6 hlutir	Finnland
	7 hlutir	Spánn	
Auka-aðild	Aserbaidsjan	10 hlutir	Ítalía
	Kasakstan	11 hlutir	Bretland
	Ungverjaland		Þýskaland

Þátttakendur í FEANI og fjöldi hluta.



Í skýrslu stjórnar var ennfremur farið yfir nokkur helstu verkefni sem verið hafa í gangi hjá FEANI undarfarin ár. Þar á meðal er nýtt gæðamatskerfi fyrir háskóla og tækniháskóla sem kenna verkfræði og tæknifræði: "ENAAE / EUR-ACE accreditation". Sífelld fleiri námsbrautir hafa fengið þessa nýju vottun, og hafa þær verið teknar upp í FEANI-INDEX ásamt öðrum viðurkenndum námsbrautum.

Samþykkt var að leggja sérstaka áherslu á uppfærslu á indexnum á árinu 2016. Nú þegar uppfæra níu þjóðir indexinn sjálfar. Skipaðir hafa verið sendiherrar til að aðstoða landsnefndir við að uppfæra indexana í heimalandinu.

Annað verkefni er svokallað Engineer Card (ENGCARD). Þetta er skírteini sem á meðal annars að auðvelda fólki að flytja sig milli landa og fá vinnu í Evrópulöndum utan heimalandsins. Þetta verkefni hefur verið á döfni í nokkur ár og meðal annars fengið styrk frá ESB til að prufukeyra verkefnið sem hugsanlega fyrirmynd fyrir aðrar starfsstéttir. Á fundinum kom fram að nú væru 11 þjóðir þátttakendur. Norðurlöndin hyggjast bíða í bili og nýta sér reynslu þessara fyrstu þjóða og höfum við fylgt þeim.

Ulf Bengtsson frá Svíþjóð situr áfram í stjórninni sem gjaldkeri og Trond Markussen frá Noregi var endurkosinn meðstjórnandi. Kosnir voru fimm aðrir meðstjórnendur.

Næsti aðalfundur FEANI verður haldinn 6.-8. október 2016 í Malmö og Norðmenn hafa boðið Osló fram 2017.

*F.h. Íslandsnefndar FEANI
Jóhannes Benediktsson, formaður.*

Fundir og ráðstefnur

Fjöldi funda og skoðunarferða voru haldnar á vegum félagsins á starfsárinu og listinn á bls. 18 og 19 er til vitnis um öflugt og fjölbreytt starf. Samlokufundur áttu sinn fasta stað í félagsstarfinu og voru vel sóttir. Útsendingar/upptökur af fundunum hafa gengið vel og má finna þær á vefslóðinni: <http://www.ustream.tv/channel/verktaekni>


Rýnisferðir

Allt frá árinu 1998 hefur Tæknifræðingafélag Íslands skipulagt námsferðir á erlenda grund fyrir tæknifræðinga og verkfræðinga. Ferðirnar, sem ganga undir nafninu Rýnisferðir, hafa frá upphafi verið afar vinsælar og oft hafa færri komist að en viljað. Samtals hafa yfir 900 þátttakendur tekið þátt í ferðunum. Á árinu 2015 var farið til Gautaborgar og Malmö. Sem fyrr var áhugi mikill.



Félagafjöldi og félagsgjöld

Félagsgjöld miðað við launavísitölu í janúar 2016



Félagsgjöld


Félagsgjöld TFÍ árið 2016 eru 37.200 krónur. Á línuritinu má sjá félagsgjöldin miðuð við launavísitölu í janúar 2016. Í upphafi ársins 1996 hefðu félagsgjöldin verið rúmar 70 þúsund krónur miðuð við launavísitöluna í janúar 2016.

Félagafjöldinn

Stöðugt er unnið að því að fá fleiri tækni-fræðinga til að ganga til liðs við félagið. Á árinu 2013 var gert átak í að laða ungfélaga að TFÍ og stofnun Ungfélagadeildar TFÍ það ár reyndist heillaskref. Hér á síðunni er graf sem sýnir þróun félagafjöldans frá árinu 2000 til 2016.

Nú eru félagsmenn 1308 (1248) þar af 84 (74) ungfélagar. Í sviganum eru tölurnar fyrir síðasta ár.

Fjöldi félagsmanna TFÍ í ársbyrjun 1999-2016



Ársreikningur félagssjóðs 2015

Áritun endurskoðenda

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Tæknifræðingafélag Íslands, vegna ársins 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og sundurlíðanir nr. 1-14.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir á Íslandi við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða stjórn Tæknifræðingafélags Íslands við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans að öðru leyti en að framan segir.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrarhagnaður ársins rúmum 3.3 mkr., en rekstrartekjur námu rúmum 22.8 mkr. Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi námu rúmum 28.4 mkr. en heildarskuldir tæpum 16.5 mkr. á sama tíma. Eigið fé var því jákvætt um tæpar 12.0 mkr. Veltufjármunir í árslok voru tæpum 12.0 mkr hærri en skammtímaskuldir.

Samrekstur VFÍ/TFÍ er gerður upp í sérstöku uppgjöri. Hluti TFÍ í samrekstarkostnaði félaganna er síðan fluttur í uppgjör TFÍ. Á árunum 2012 til 2014 var samreksturinn gerður upp með rekstrarafgangi og er heildar eigið fé samrekstrar kr. 14.323.495 í lok árs 2015. Með tilliti til skiptihlutfalla samrekstrar er hluti TFÍ af þessari fjárhæð kr. 4.932.166.

Á sínum tíma ákváðu stjórnir félaganna að nýta rekstrarafgang samrekstrar til kaupa á bókhalds- og félagakerfishugbúnaði frá dK hugbúnaði. Ólokið er nauðsynlegum breytingum, sérsmíði og lagfæringum á félagakerfishluta hugbúnaðarins. Fyrrgreindur rekstrarafgangur verður notaður til að ljúka þessari vinnu.

Reykjavík, 18. mars 2016.
Kristinn Gestsson,
löggiltur endurskoðandi.

Rekstrarreikningur félagssjóðs TFÍ 2015

	2015	2014
<i>Rekstrartekjur</i>		
Félagsgjöld	22.809	21.400
Rekstrartekjur alls	22.809	21.400
<i>Rekstrargjöld</i>		
Samrekstarkostnaður samkvæmt skiptireglu	12.640	11.104
Sérgreindur skrifstofukostnaður	2.029	1.574
Rekstrargjöld alls	14.669	12.678
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	8.140	8.722
<i>Aðrar tekjur og gjöld</i>		
Verktækni	-308	-2.292
Félagakerfi, húsbúnaður og fjarfundabúnaður	-2.301	-2.293
Fundir, ráðstefnur, tæknidagar og kynningarstarf	-1.039	-1.076
Innlent og erlent samstarf	-1.628	-2.236
Annað	0	13
Aðrar tekjur og gjöld alls	-5.276	-7.884
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða	2.864	838
<i>Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld</i>		
Vaxtatekjur, verðbætur, (fjármagnstsk.)	447	32
Tekjur (gjöld) á árinu	3.311	870

Efnahagsreikningur félagssjóðs TFÍ 31.12.2015

	2015	2014	2015	2014
<i>Eignir</i>				
Veltufjármunir				
Skammtímakröfur	2.759	3.745		
Handbært fé	25.689	29.238		
Samtals eignir	28.448	32.983		
<i>Skuldir og eigið fé</i>				
Eigið fé				
Óráðstafað eigið fé	11.970	9.285		
Skammtímaskuldir				
Ýmsir skuldheimtumenn	16.478	23.698		
Samtals skuldir og eigið fé	28.448	32.983		

Við undirritaðir félagskjörnir endurskoðendur Tæknifræðingafélags Íslands, höfum yfirfarið ársreikning þennan. Hann er í samræmi við lög og reglur félagsins og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 21. mars 2016.

Daði Ágústsson
Hreinn Ólafsson

Skýrslur deilda

Ársskýrsla NTFÍ

Störf stjórnar

Stjórn NTFÍ hefur fundað nokkrum sinnum á starfsárinu þar sem skipulagðir voru viðburðir ársins. Samvinna innan stjórnar hefur verið góð sem og samstarf við Norðurlandsdeild VFÍ.

Stefna stjórnar er að halda 2-3 Samlokufundi á Akureyri á ári auk þess hafa félagsmenn aðgang að Samlokufundum í Reykjavík í gegnum netið. Stefnt er að því að halda síldarkvöld í tengslum við aðalfund og fara í haustferð. Á þessu starfsári var haldinn einn samlokufundur og deildirnar stóðu fyrir ráðstefnu um vistvæna orkugjafa í samstarfi við Vistorku.

Aðalfundur

Aðalfundur NTFÍ 2015 var með nokkuð hefðbundnu sniði. Stjórnin var óbreytt frá fyrra ári en hana skipa undirritaður, Kristinn Magnússon formaður, Steinar Magnússon ritari, Sigurður Hlöðvesson gjaldkeri og varamenn þeir Helgi Pálsson og Þorsteinn Björnsson. Endurskoðendur voru sem áður Birgir Baldursson og Heimir Gunnarsson.

Síldarkvöld

Árlegt síldarkvöld NTFÍ og NVFÍ var haldið að loknum aðalfundarstörfum. Veislustjóri var Sigurvin „Fillinn“ Jónsson og ræðumaður kvöldsins var Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson. Að erindi loknu var snæddur kvöldverður.

Haustferð - Siglufjörður

Þann 3. október var árleg haustferð félagsins og að þessu sinni var farið til Siglufjarðar. Þar var tekið vel á móti félögum fengum við kynningu á Síldarminjasafninu, Sigurður Hlöðvesson fræddi okkur um gerð snjóflóðavarnargarða ofan Siglufjarðar, Róbert Guðfinnsson talaði um ýmis verkefni í bænum sem hann kemur að og Gunnar Birgisson bæjarstjóri fræddi viðstadda um hvað sveitarfélagið er að fást við um þessar mundir. Síðan var snæddur kvöldverður á veitingastaðnum Hannes Boy og því næst haldið heim á leið.

Stjórn NTFÍ vill þakka félagsmönnum samstarfið á starfsárinu og stefnir áfram að öflugu félagsstarfi á því starfsári sem framundan er.

Kristinn Magnússon, formaður.

Ársskýrsla ATFÍ

Aðalfundur

Aðalfundur Austurlandsdeildar TFÍ (ATFÍ) var haldinn fimmtudaginn 12. mars 2015, fundurinn var haldinn að venju sameiginlega með AVFÍ. Byrjaði aðalfundurinn með sameiginlegum fundi deildanna þar sem á dagskrá átti að vera áhugaverður fyrirlestur Richard Yeo, verkefnastjóra á Veðurstofunni, um notkun flygilda við rannsóknir. Ætlaði hann að segja frá gasmælingum úr lofti og öðrum mælímöguleikum með notkun þessara tækja. Einnig ætlaði hann að fjalla um regluumhverfi flygilda á Íslandi og önnur spennandi verkefni Veðurstofunnar. En íslenska veðráttan setti stik í reikninginn og var ekki flogið úr Reykjavík þennan dag og varð því ekkert úr að þessi ágæti fyrirlestur færi fram. En vonandi höfum við tækifæri á að bjóða upp á þennan áhugaverða fyrirlestur síðar. Aðalfundur þessa árs var því eingöngu með hefðbundnum aðalfundarstörfum þar sem farið var yfir starf félagsins á liðnu starfsári. Allir stjórnarmeðlimir buðu sig fram í áframhaldandi starf á vegum félagsins. Óskað var eftir mótframboðum í stjórn félagsins en engin mótframboð komu fram. Voru því eftirtaldir kosnir til áframhaldandi stjórnarstarfa: Valdimar Baldursson, Guðmundur I. Einarsson og Kristjón Sigurbergsson. Fundinum var síðan slitið og félagsmönnum var boðið upp á léttar veitingar.

Stjórnarfundir

Stjórnin hefur fundað nokkrum sinnum á starfsárinu 2015-2016. Á fyrsta fundi skipti stjórnin með sér verkum og er verkaskipting eftirfarandi: Valdimar Baldursson formaður, Kristjón Sigurbergsson gjaldkeri og Guðmundur I. Einarsson ritari. Skoðaðir voru ýmsir möguleikar á áhugaverðum námskeiðum fyrir félagsmenn á Austurlandi. Var þetta gert í samvinnu við skrifstofuna í Reykjavík og Endurmenntun HÍ. Þessir fundir hafa allir verið haldnir sameiginlega með stjórn AVFÍ.

Námskeið

Stefnt hafði verið á að halda námskeiðið „Trello skilvirkari verkefnastjórnun“ á starfsárinu. Ýmis önnur námskeið voru skoðuð en því miður gekk ekkert af þessu upp á starfsárinu vegna ýmissa ástæðna.

Haustferð

Sameiginleg haustferð Austurlandsdeilda VFÍ og TFÍ var farin laugardaginn 17. október 2015 og að venju tókst hún mjög vel. Byrjað var á að fara á Seyðisfjörð og skoða Fjarðarselsvirkjun sem er rúmlega 100 ára gömul virkjun staðsett við Seyðisfjarðarkaupstað. Þar tóku starfsmenn Rarik á Austurlandi á móti okkur og fóru yfir sögu virkjunarinnar. Eftir þetta var farið í Tækniminjasafn Austurlands þar sem Pétur Kristjánsson safnvörður tók á móti okkur og fór í gegnum sögu safnsins. Þetta safn fjallar um sögu Íslands með áherslu á tæknivæðingu landsins frá 1880 til dagsins í dag. Eftir góðan dag á Seyðisfirði var haldið til Egilsstaða og stoppað á Gistiheimili Egilsstaða þar sem félagsmenn gæddu sér á dýrindis veitingum og spjölluðu fram eftir kvöldi. Stjórnir ATFÍ og AVFÍ höfðu veg og vanda af skipulagningu þessarar ferðar og vilja stjórnarmenn þakka félagsmönnum fyrir þátttöku í haustferðinni.

Lokaorð

Starfsárið sem hér hefur verið gerð grein fyrir hefur verið stjórnarmönnum mjög gefandi. Samvinna innan stjórnar hefur verið til fyrirmyndar og samstarf við stjórn AVFÍ með ágætum. Vill stjórn ATFÍ þakka félagsmönnum ágætt samstarf á starfsárinu og væntir enn frekari þátttöku félagsmanna í viðburðum á vegum félagsins á því starfsári sem framundan er. Viljum við enn og aftur minna meðlimi á að félagið erum við sjálf sem að því stöndum.

Valdimar Baldursson, formaður.

Skýrsla stjórnar STFÍ

Aðalfundur STFÍ var haldinn þann 26. mars 2015.

Kjörnir í stjórn:

Daði Ágústsson, formaður
Magnús Þór Karlsson, meðstjórnandi (gjaldkeri)
Ingvar Blængsson, meðstjórnandi (ritari).

Stjórnarfundir STFÍ

Stjórn STFÍ hélt fjóra formlega stjórnarfundir á starfsárinu og einn símafundur sem færðir voru til bókar.

Fundir

Aðalfundur STFÍ þann 26. mars var haldinn kl. 16 og mætti einn fyrir utan stjórnarmenn. Stjórn STFÍ stóð fyrir tveimur fyrirlesturum á starfsárinu. Allir fyrirlestrar í boði STFÍ voru á sama formi og hinir vinsælu samlokufundir VFÍ/TFÍ.

Fyrsti fyrirlesturinn var haldinn fimmtudaginn 16. apríl 2015 í hádeginu og fjallaði um „rafkerfi gagnavera og jarðstrengi“. Fyrirlesarar voru tveir nýútskrifaðir rafmagnstæknifræðingar frá Háskólanum í Reykjavík, þeir Gísli Þór Ólafsson og Gunnar Sigvaldason.

Fyrri fyrirlesturinn, sem Gísli Þór Ólafsson flutti, fjallaði um ástæður hitamyndunar í raforkubúnaði gagnavera. Fyrirlesturinn var saminn upp úr verkefninu „Yfirtónar í gagnveri“ sem var unnið í samvinnu við Verkfræðistofu Jóhanns Indriðasonar. Seinni fyrirlesturinn, sem Gunnar Sigvaldason flutti, fjallaði um ákvörðun á „kítískri lengd“ jarðstrengja við mismunandi aðstæður í raforkukerfinu.

Það mættu um 55 áhugasamir félagsmenn og nemendur á þessa áhugaverðu fyrirlestra hinna ungu tæknifræðinga.

Annar fyrirlesturinn var haldinn þriðjudaginn 15. október 2015 í hádeginu og fjallaði um „gæði innilofts í íbúða- og atvinnuhúsnæði“. Fyrirlesari var Svavar T. Óskarsson ráðgjafi á sviði orku- og vatnsnýtingar hjá Orkuumsjón ehf. Svavar fjallaði um kröfur neytanda um þægilegt og heilbriggt inniloft í húsnæði þar sem fólk dvelur í lengri eða skemmri tíma.

Það mættu um 50 áhugasamir félagsmenn á þennan fyrirlestur.

Öllum félagsmönnum TFÍ og VFÍ var boðin þátttaka á alla fyrirlestrana og var mæting framar væntingum. Við hjá STFÍ erum mjög ánægðir hvernig til hefur tekist og munum halda ótrauðir áfram þessu uppbyggjandi starfi fyrir félagsmenn okkar.

Stjórnarfundir TFÍ

Magnús Þór Karlsson og Ingvar Blængsson hafa setið stjórnarfundir TFÍ til skiptis, þ.e. annað hvort skipti.

Fjárhagur STFÍ

Fjárhagur STFÍ er góður eins og fyrri ár. Samkvæmt ársreikningi voru tekjur umfram gjöld á árinu.

Framtíð STFÍ

Stjórn STFÍ heldur áfram á svipaðri braut með fyrirlesturum og hugsanlega námskeiðum fyrir félagsmenn.

Stjórn STFÍ.

Rekstrarreikningur STFÍ 2015

	2015	2014
<i>Rekstrartekjur</i>		
lðgjöld	673	666
Rekstrartekjur alls	673	666
<i>Rekstrargjöld</i>		
Fyrirlestra- og námskeiðskostnaður	245	420
Kostnaður vegna kjarakönnunar	46	41
Risna	92	61
Annar kostnaður	48	46
Rekstrargjöld alls	431	568
Tekjur (gjöld) fyrir fjármagnsliði	243	97
<i>Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld</i>		
Vaxtatekjur, verðbætur, (fjármagnstsk.)	90	62
Tekjur (gjöld) á árinu	333	159
<i>Óráðstafað eigið fé</i>		
Yfirfært f.f. ári	2.861	2.702
Tekjur (gjöld) á árinu	333	159
	3.194	2.861

Ársskýrsla KTFÍ

Í stjórn KTFÍ eru:

Pór Sigurþórsson, formaður
Jón Ísaksson Guðmann, varaformaður
Haraldur Sigursteinsson, gjaldkeri
Arnlaugur Guðmundsson
Heimir Örn Hólmarsson
Samúel Smári Hreggviðsson
Pór Hallgrímsson

Varamenn í stjórn KTFÍ:

Karl Jensson
Svanþór Gunnarsson

Aukinn fjöldi félagsmanna á almennum markaði hefur leitt til þess að einstaklingsbundin þjónusta á vegum skrifstofunnar eykst jafnt og þétt. Dæmi um það er undirbúningur launaviðtala, yfirlestur ráðningarsamninga, lausn ágreiningsmála við vinnuveitendur og ýmis önnur ráðgjöf. Þessi þróun er í takti við reynslu annarra kjarafélaga.

Lögfræðikostnaður var heldur lægri en árið á undan. Sú þjónusta er afar mikilvæg og ómetanlegt bakland fyrir félagsmennina.

Áfram var unnið að uppbyggingu trúnaðarmannakerfis og hefur sú vinna tekið lengri tíma en áætlað var. Skipta þar mestu miklar annir við gerð kjarasamninga.

Síðastliðin tvö ár hafa einkennst af mikilli vinnu við gerð kjarasamninga. Samningar voru gerðir til lengri tíma en áður, gilda til 2019 og því gefst vonandi meira svigrúm til að sinna öðrum verkefnum.

Stjórn Kjarafélagsins hélt tólf fundi á starfsárinu og samkvæmt fundargerðum voru meðal annars tekin til umfjöllunar mál er varða kjarasamninga, kjarakannanir, stöðu KTFÍ gagnvart Orlofssjóði BHM og starfsemi sjóða KTFÍ. Einnig er hafinn undirbúningur að norrænum launafundi, NIL, hér á landi næsta haust.

Gerð kjarasamninga

Gerð kjarasamninga var meginviðfangsefnið á starfsárinu og nú liggja fyrir samningar við flesta viðsemjendur. Samningar ríkisins, sem byggðu á niðurstöðum Gerðardóms settu strik í reikn-

inginn enda hækkar umtalsverðar. Nýr kjarasamningur við Félag ráðgjafarverkfræðinga liggur fyrir, hann var samþykktur af félagsmönnum á kynningarfundi 21. mars og verður lagður fyrir fulltrúaráðsfund FRV 31. mars.

Ekki hefur verið samið við Samtök atvinnulífsins. Þar til sú vinna klárast er rétt að líta til lágmarkshækkana í samningi SA og ASÍ sem eru 6,2% frá 1. janúar 2016 og hann gildir til 2019 með viðbótarhækkunum 2017 og 2018. Hann hefur áhrif á heildarhreyfingu launa á almenna markaðnum og þar af leiðandi á markaðslaun tæknifræðinga. Jafnframt var samið um hækkanir á framlagi í lífeyrissjóð.

Vinna er í gangi við nýjan kjarasamning við sveitarfélögin.

Öðrum kjarasamningum er lokið.

Félagsmenn í KTFÍ voru nokkuð yfir 1100 um áramótin 2015-2016.

Á almennum vinnumarkaði voru þeir um 930 en tæplega 180 á opinberum vinnumarkaði.

Almennur vinnumarkaður

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru:

Við SA – Samtök atvinnulífsins
Við FRV- Félag ráðgjafarverkfræðinga
Við RARIK
Við OR – Orkuveitu Reykjavíkur

Opinber vinnumarkaður

Kjarasamningar á opinberum vinnumarkaði eru : Við Ríkið, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög.

Rekstrarreikningur KTFÍ 2015

	2015	2014
<i>Rekstrartekjur</i>		
Félagsgjöld	8.669	8.112
Rekstrartekjur alls	8.669	8.112
<i>Rekstrargjöld</i>		
Kostnaður vegna funda, samninganefnda og stjórnar	122	544
Lögfræðikostnaður	1.224	1.425
Kostnaður vegna kjarakönnunar	467	416
Erlend samskipti	271	202
Hlutdeild í kjarakostnaði	4.838	4.512
Reikningsleg aðstoð	130	124
Kostnaður vegna kjarabæklings	65	0
Framlag v/orlofssjóðs	1.246	1.113
Rekstrargjöld alls	8.363	8.336
Tekjur (gjöld) fyrir fjármagnsliði	306	-224
<i>Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld</i>		
Vaxtatekjur, verðbætur, (fjármagnstsk.)	341	252
Tekjur (gjöld) á árinu	647	28
<i>Óráðstafað eigið fé</i>		
Yfirfært f.f. ári	10.188	10.213
Leiðrétt félagsgjöld f.f. ári	-110	-53
Tekjur (gjöld) á árinu	647	28
	10.725	10.188

Skýrsla Sjúkrasjóðs KTFÍ 2015

Stjórn sjóðsins er skipuð þeim Jóhannesi Benediktssyni formanni, Þór Hallgrímssyni, Helga Baldvinssyni og Árna Þór Árnasyni varamanni.

Stjórn Sjúkrasjóðs hélt 11 fundi á síðastliðnu ári og úthlutaði 471 styrk til sjóðfélaga að upphæð um 32,0 millj. kr. Styrkjum fjölgaðri lítið á milli ára en árið 2014 var úthlutað 454 styrkjum að upphæð tæplega 30,0 millj. kr. Hóprannsókn til skimunar á ristilkrabbameini sjóðfélaga eldri en 50 ára lauk á árinu og fóru 13 félagar í slíka rannsókn. Rætt hefur verið í stjórn að taka aftur upp þessa rannsókn haustið 2016

Styrkveitingar skiptust þannig:

Dagpeningar: 9 styrkir að upphæð 5,7 millj. kr.

Fæðingarorlof: 25 styrkir að upphæð 2,6 millj. Kr.

Líkami og sál: 349 styrkir að upphæð 14,8 millj. kr.

Laseraðgerðir og gleraugu: 51 styrkur að upphæð 4,7 millj. kr.


Tannviðgerðir: 31 styrkur að upphæð 2,1 millj. kr.

Aðrir styrkir: 6 styrkir að fjárhæð 1,9 millj. kr.

Hóprannsókn: 13 styrkir að upphæð 0,6 millj. kr

Rekstrarafgangur sjóðsins nam rúmum kr. 21,1 millj. kr. en innborguð iðgjöld voru 54,6 millj. kr. Heildareignir í árslok námu rúmum 185 millj. kr.

Sjóðfélagar Sjúkrasjóðs KTFÍ



Rekstrarreikningur Sjúkrasjóðs KTFÍ 2015

	2015	2014
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	54.581	50.661
Rekstrartekjur alls	54.581	50.661
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir	31.472	26.856
Hóplækniskostnaður	555	3.005
Umsýslukostnaður	5.458	5.066
Annar kostnaður	371	325
Rekstrargjöld alls	37.856	35.252
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	16.725	15.409
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur, verðbætur, (fjármagnstsk.)	4.416	3.366
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	21.141	18.775
Óráðstafað eigið fé		
Yfirfært f.f. ári	164.307	145.532
Tekjur (gjöld) á árinu	21.141	18.775
	185.448	164.307

Fjölskyldu- og styrktarsjóður KTFÍ

Skýrsla Fjölskyldu- og styrktarsjóðs KTFÍ 2015

Stjórn sjóðsins er skipuð þeim Samúel Smára Hreggviðssyni, formanni, Óla Jóni Hertervig, Bjarna Bentssyni og Arnlaugi Guðmundssyni varamanni.

Stjórn Fjölskyldu- og styrktarsjóðs hélt 11 fundi á s.l. ári og úthlutaði 177 styrkjum til félagsmanna að upphæð um 13,1 millj. kr. Auk þess fóru 9 félagar í hóprannsókn á skimun fyrir ristilkrabbameini sem lauk á árinu.

Styrkveitingar skiptust þannig:

Dagpeningar: 5 styrkir að upphæð 1,9 millj. kr.

Fæðingarorlof: 5 styrkir að upphæð 1,1 millj. kr.

Líkami og sál: 134 styrkir að upphæð 5,5 millj. kr.

Laseraðgerðir og gleraugu: 21 styrkir að upphæð 2,1 millj. kr.


Tannviðgerðir: 16 styrkir að upphæð 1,1 millj. kr.

Aðrir styrkir: 5 styrkir að upphæð 1,4 millj. kr.

Hóprannsókn: 9 styrkir að upphæð 0,4 millj. kr.

Rekstrarhalli sjóðsins nam tæpri 0,4 millj. kr. en innborguð árgjöld voru 13,5 millj. kr. Greiddir styrkir námu því rúmlega 100% af iðgjöldum 2015 en 111% á árinu 2014. Eigið fé var í árslok tæplega 58 millj. kr.

Sjóðsfélagar Fjölskyldu- og styrktarsjóðs KTFÍ



Rekstrarreikningur Fjölskyldu- og styrktarsjóðs KTFÍ 2015

	2015	2014
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	13.460	12.044
<i>Rekstrartekjur alls</i>	13.460	12.044
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir	13.096	11.792
Hóplæknisskoðun	381	1.531
Umsýslukostnaður	1.346	1.204
Annar kostnaður	364	326
<i>Rekstrargjöld alls</i>	15.187	14.853
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	-1.727	-2.809
<i>Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld</i>		
Vaxtatekjur, verðbætur, (fjármagnstsk.)	1.714	1.346
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	-13	-1.463
<i>Óráðstafað eigið fé</i>		
Yfirfært f.f. ári	58.264	59.727
Tekjur (gjöld) á árinu	-13	-1.463
	58.251	58.264

Skýrsla Orlofssjóðs KTFÍ 2015

Í gildi er samningur milli KTFÍ og OBHM um að félagsmenn KTFÍ geti greitt í OBHM. Greiðslur vegna félagsmanna sem vinna hjá ríki eða borg, nokkrum sveitarfélögum og fyrirtækjum í eigu ríkis eða borgar fara beint til OBHM. Aðrir aðilar greiða í Orlofssjóð KTFÍ sem stendur svo skil á greiðslum til OBHM. Þessar greiðslur voru á árinu 2015 fyrir 577 félagsmenn og komu frá 274 fyrirtækjum.

Starfsmenntunarsjóður KTFÍ á almennum markaði

Unnið var að gerð starfsreglna á árinu 2015.

Starfsreglurnar hafa verið staðfestar af stjórn KTFÍ og verðar kynntar félagsmönnum fljótlega. Byrjað verður að úthluta úr sjóðnum um áramótin 2016-2017.

Vísinda- og starfsmenntunarsjóður KTFÍ

Skýrsla Vísinda- og starfsmenntunarsjóðs KTFÍ


Vísinda- og starfsmenntunarsjóður KTFÍ byggir á samkomulagi Kjarafélagsins við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjavíkurborg frá 1989. Það eru starfsmenn ríkisins, Reykjavíkurborgar og þeirra sveitarfélaga sem gert hafa samning við KTFÍ, auk starfsmanna annarra vinnuveitenda sem hafa gerst aðilar að sjóðnum, sem rétt eiga á styrkjum úr sjóðnum, samtals 254 félagsmenn á árinu 2015.

Stjórn gerði breytingar á reglum sjóðsins á árinu 2015 og er hámarkstyrkur nú kr. 450.000,- en þau réttindi nást almennt eftir þriggja ára sjóðsaðild. Réttindi vinnast síðan upp aftur eftir úthlutun, eitt hundrað og fimmtíu þúsund kr. á ári.

1. janúar 2015 breyttist iðgjaldið og er frá þeim tíma 1,72% af dagvinnulaunum eins og þegar sjóðurinn var stofnaður. Þá voru styrkir til tölvukaupa hækkaðir úr kr. 200.000 í kr. 250.000 og geta numið allt að 90% af innkaupsverði í stað 75% áður.

Skipting umsókna á milli efnisflokka árið 2015: 48 umsóknir til náms, námskeiða og ráðstefnuferða og 51 umsókn til kaupa á tölvubúnaði. Samtals voru samþykktar og greiddar umsóknir 99 sem er nánast sami fjöldi og árið 2014.

Stjórn sjóðsins er nú skipuð eftirtöldum tveimur fulltrúum KTFÍ og tveimur fulltrúum vinnuveitenda; Haraldur Sigursteinsson, formaður, KTFÍ, Óli Jón Hertervig, ritari, KTFÍ, Einar Mar Þórðarson, f.h. fjármálaráðherra og Guðjón Örn Helgason f.h. Reykjavíkurborgar.



Rekstrarreikningur Vísinda- og starfsmenntunarsjóðs KTFÍ 2015

	2015	2014
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	37.355	29.080
Rekstrartekjur alls	37.355	29.080
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir	16.629	17.076
Umsýslukostnaður	3.735	2.908
Annar kostnaður	604	580
Rekstrargjöld alls	20.968	20.564
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	16.387	8.516
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur, verðbætur, (fjármagnstsk.)	2.933	2.207
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	19.320	10.723
Óráðstafað eigið fé	103.518	92.794
Yfirfært f.f. ári	19.320	10.724
Tekjur (gjöld) á árinu	122.838	103.518

Viðburðir 2015 – 2016

Fundir og ráðstefnur voru í flestum tilvikum haldnar í samvinnu TFÍ og VFÍ. Félagsmönnum beggja félaga er boðið að taka þátt þó viðburðir séu á vegum annars félagsins. Margir fundir eru sendir út beint og teknir upp. Upptökur eru birtar á vefsvæðum félaganna.

14. apríl 2015

Kynjakvótar í stjórnnum fyrirtækja Stefna þróun og áhrif

Samlokufundur á vegum Kvennanefndar VFÍ. Fyrirlesari: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor í félagsfræði við HÍ.

16. apríl 2015

Gagnaver og jarðstrengir

Hádegisfundur á vegum STFÍ.

Kynning á lokaverkefnum. Fyrirlesarar: Gísli Þór Ólafsson og Gunnar Sigvaldason, nýútskrifaðir tæknifræðingar.

20. apríl 2015

Kynning fyrir verkfræðinema í HÍ

21. apríl 2015

Kynning á framlengingu kjarasamnings við FRV

29. apríl 2015

Aðalfundur RVFÍ

Kynning á IEEE og starfsemi þess á Íslandi. Fyrirlesari: Sæmundur Þorsteinsson, lektor við Háskóla Íslands.

Allt tengt – Internet of things. Fyrirlesarar: Óskar Eiríksson, hópstjóri Internetþróunar hjá Símanum og Sigurveig Hallsdóttir, vörustjóri hjá Símanum.

7. maí 2015

Kynning fyrir nema í tæknifræði og verkfræði við HR

8. maí 2015

Heimsókn Kvennanefndar VFÍ til Verkis

13. maí 2015

Kynning TFÍ í Keili fyrir nemendur í tæknifræði.

21. maí 2015

Gæðastjórnun í mannvirkjagerð

Ráðstefna haldin í samstarfi við Háskólann í Reykjavík.

28. maí 2015

BIM og Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR)

Samlokufundur. Fyrirlesarar: Sérfræðingar FSR.

28. maí 2015

Framtíð skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli

Samlokufundur á vegum Norðurlandsdeilda TFÍ og VFÍ. Fyrirlesari: Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður skíðasvæðisins.

31. maí 2015

Heimsókn NITO

23. júní 2015

Hjóna-/parakeppni í golfi

6. júlí 2015

Fyrirlestrar á sviði jarðskjálftaverkfræði

Í samstarfi við HÍ. Fyrirlesari: Jae Kwan Kim, prófessor við Seoul National University.

7. ágúst 2015

VerkTækni golfmótið haldið á Grafarholtsvelli

28. ágúst 2015

Heimsókn verkfræðinema HÍ

3. september 2015

Heimsókn „seniora“ finnsku félaganna

9. september 2015

Flugvallarkostir á höfuðborgarsvæðinu

Samlokufundur á vegum BVFÍ. Fyrirlesari: Þorsteinn R. Hermannsson, verkefnisstjóri stýrihóps á vegum ríkis, Reykjavíkurborgar og Ícelandair group.

17. september 2015

Kynning á kjarakönnun

Samlokufundur um kjaramál. Fyrirlesari: Haukur Eggertsson.

21.-25. september 2015

Rýnisferð til Gautaborgar og Malmö

24. september 2015

Smávirkjanir og rekstur virkjana úti í mörkinni

Samlokufundur á vegum RVFÍ. Fyrirlesarar: Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar og Nicolai Jónasson, deildarstjóri upplýsingaþróunar hjá Vegagerðinni.

29. september 2015

Samlokufundur Norðurlandsdeilda

Flugvallarkostir á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirlesari: Þorsteinn R. Hermannsson, verkefnisstjóri stýrihóps á vegum ríkis, Reykjavíkurborgar og Ícelandair group.

3. október 2015

Haustferð Norðurlandsdeilda á Siglufjörð

15. október 2015

Gæði innlofts í íbúða- og atvinnuhúsnæði

Hádegisfundur á vegum STFÍ. Fyrirlesari: Svavar T. Óskarsson, ráðgjafi hjá Orkuumsjón ehf.

16. október 2015

Vísindaferð tæknifræðinema til TF.

17. október 2015

Haustferð Austurlandsdeilda

Tækniminjasafn og Fjarðarselsvirkjun.

19. október 2015

Námskeið: Stærðfræði í takt við tímann

Stærðfræðin með tilkomu stærðfræðiforrita og ókeypis kennsluþátta á netinu. Kennari: Viðar Ágústsson, eðlisfræðikennari.

23. október 2015

Ráðstefna Norðurlandsdeilda um vistvæna orkugjafa

29. október 2015

Staða hinnar menntuðu konu

Málþing á vegum fagfélaga kvenna.

5. nóvember 2015

Mótun framtíðar

Samlokufundur. Fyrirlesari: Trausti Valsson, prófessor við HÍ.

12. nóvember 2015

Team Spark

Samlokufundur. Fyrirlesarar: Team Spark liðið sem kynnti hönnun og smíði rafknúins kappakstursbíls.

24. nóvember 2015

Betri byggingar – Bætt heilsa

Málþing um áhrif byggingaraðferða, innivistar og loftgæða á heilsu.

9. desember 2015

Stríðsárin 1938-1945

Bókafundur. Fyrirlesari: Páll Baldvin Baldvinsson.

10. desember 2015

Staða og framtíð tæknifræðinnar

Samráðsfundur TFÍ með fulltrúum Keilis og HR.

11. desember 2015

Rafbílavæðing Íslands – Hver er staðan?

Ráðstefna á vegum RVFÍ. Fyrirlesarar úr ýmsum áttum.

21. janúar 2016

Kynningarfundur um kjaramál á vegum samninganefndar Kjaradeildar VFÍ og Kjarafélags TFÍ við FRV.

28. janúar 2016

Rósaboð Kvennanefndar VFÍ

Konur í VFÍ komu saman til þess að fagna þeim konum sem luku prófi í verkfræði á árinu 2015.

29. janúar 2016

Heimsókn á Keflavíkurflugvöll í boði ISAVIA

Á vegum BVFÍ. Þróunaráætlun og uppbygging flugvallarins.

4. febrúar 2016

Íslenskir verkfræðingar í Danmörku

Málþing í tilefni af aldarafmæli Dansk-íslenska félagsins.

5. febrúar 2016

UT-messan 2016

TFÍ og VFÍ kynntu starfsemi félaganna, nám og störf verkfræðinga og tæknifræðinga.

10. febrúar 2016

Framadagar 2016

TFÍ og VFÍ kynntu starfsemi félaganna, nám og störf verkfræðinga og tæknifræðinga.

18. febrúar 2016

Heimsókn til Nox Medical

Á vegum Kvennanefndar VFÍ.

24. febrúar 2016

Viltu skoða ofurtölvur?

Aðalfundur RVFÍ. Fyrirlesarar: Þorvaldur E. Sigurðsson, ráðgjafi hjá TESCON og Bolli Pálmason, sérfræðingur í líkanakeyrslum.

5. mars 2016

Aðalfundur og Síldarkvöld Norðurlandsdeilda

10. mars 2016

Varmatap húsa

Samlokufundur um frumvarp að nýjum staðli fríST Varmatap húsa – Útreikningar. Fyrirlesari: Björn Marteinnsson, Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

17. mars 2016

Aðalfundur Austurlandsdeilda

Rafbílavæðing – staða og horfur. Fyrirlesari: Björn Ágúst Björnsson, Orkuveitu Reykjavíkur.

17. mars 2016

Aðalfundur STFÍ

30. mars 2016

Aðalfundur KTFÍ

31. mars 2016


Aðalfundur TFÍ

1. apríl 2016

Dagur verkfræðinnar

8. apríl 2016

Aðalfundur VFÍ



Tæknifræðingafélag Íslands